

**166. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
10. ágúst 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging

Kynnt drög að samningi við FVA um nýtingu á húsnæði skólans fyrir 10. bekk Grundaskóla.

Jafnframt rætt um matarþjónustu fyrir nemendur 10. bekkjar Grundaskóla sem munu eiga skólasókn í FVA skólaárið 2021 - 2022.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa til bæjarráðs afgreiðslu á samningi milli Akraneskaupstaðar og FVA.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja til við bæjarráð að samþykkja fjármagn til að niðurgreiða máltíðir fyrir nemendur 10. bekkjar Grundaskóla sem eiga skólasókn í FVA þannig að matarverð verði það sama fyrir alla nemendur Grundaskóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.